

Reykjavík, 23. júní 2018
R18010155
100

Forsætisnefnd

Minnisblað um framlagningu framboðslista við kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum borgarinnar

Á fyrsta fundi borgarstjórnar þann 19. júní sl. fór fram umræða um vinnulag við framlagningu framboðslista við kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum borgarinnar í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 (hér eftir svl.). Efni þessa minnisblaðs er fyllri útgáfa af tölvupósti sem sendur var oddvitum vegna sama máls kl. 19:55 á meðan fundur borgarstjórnar stóð enn. Þar sem engin viðbrögð hafa borist frá oddvitum þeirra flokka sem málið varðar, er nauðsynlegt að leggja fram minnisblað á vettvangi forsætisnefndar þar sem óskað er eftir því að nefndin grípi til þeirra ráðstafana sem hún telur viðeigandi vegna málsins, en vísað er til 8. tl. 50. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

1. Er efni framboðslista við hlutfallskosningu í ráð, nefndir og stjórnir á dagskrá borgarstjórnar bundið trúnaði?

Við umræðu um tillögu borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um stofnun umhverfis- og heilbrigðisráðs kom fyrst fram sú staðhæfing í ræðu borgarfulltrúans Mörtu Guðjónsdóttir að framlagning sameiginlegs lista Sjálfstæðisflokkssins, Sósialistaflokkssins, Miðflokkssins og Flokks fólksins við hlutfallskosningu í þau ráð, nefndir og stjórnir sem voru á dagskrá borgarstjórnar væri trúnaðarmál og innihéldi trúnaðarupplýsingar sem aðrir borgarfulltrúar hefðu ekki átt að hafa aðgang að fyrir fund borgarstjórnar. Það er ekki rétt. Upplýsingar um nöfn þeirra aðila sem lagt er til að taki sæti þegar kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum Reykjavíkurborgar eru teknar á dagskrá borgarstjórnar, geta aldrei verið trúnaðarmál en um það atriði vísast til sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar (hér eftir samþykktin) eins og nánar skal rakið.

Í 16. gr. svl. kemur fram að fundir sveitarstjórnar eru opnir. Í 15. gr. sömu laga kemur fram að fundarboði skal fylgja dagskrá fundarins og þau gögn sem eru nauðsynleg til að

sveitarstjórnarmenn geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind. Samhljóða ákvæði er að finna í samþykktinni auk þess sem eftirfarandi er sérstaklega áréttuð í 5. mgr.
10. gr.: Þegar óskað er eftir að kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum borgarinnar verði teknar á dagskrá, skal senda forsætisnefnd upplýsingar um nöfn þeirra sem lagt er til að taki sæti. Það er því beinlínis kveðið á um það að upplýsingar um einstaka framboð skuli liggja fyrir strax þegar boðað er til borgarstjórnarfundar. Í 12. gr. svl. kemur svo fram að starfsaldursforseti borgarstjórnar boðar fyrsta fund með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara sem í þessu tilfelli var kl. 14:00 þann 13. júní sl.

Starfsaldursforseti borgarstjórnar, Dagur B. Eggertsson, boðaði alla oddvita á fund þann kl. 10:30 þann 13. júní þar sem farið var yfir drög að dagskrá með tillögum um stofnun/sameiningu nýrra ráða og lögbundinna kosninga í upphafi kjörtímabils. Á fundinum óskaði undirrituð eftir því að fá afhenta framboðslista allra flokka í síðasta lagi kl. 14:00 á föstudeginum 15. júní svo unnt væri að hefja yfirferð þeirra en á fundinum voru oddvitar jafnframt upplýstir um að skrifstofa borgarstjórnar yfirfæri framboðslistana með tilliti til kjörgengisskilyrða, skilyrða um jafna skiptingu kynja samkvæmt 44. gr. svl. og annarra almennra atriða sem þörfnuðust lagferinga við.

Priðjudaginn 12. júní 2018 kl. 14:09 barst undirritaðri fyrsta fyrirspurn starfsmanns borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokkssins vegna kosninga í ráð og nefndir m.a. með tilliti til kjara og í framhaldserindi frá starfsmanninum sem sent var kl. 15:53 er m.a. spurt hvort hann þurfi ekki að skila tilnefningum í ráð og nefndir á föstudaginn kemur. Undirrituð fundaði svo með starfsmanninum og borgarfulltrúanum Eyþóri Arnalds þann 14. júní á milli 13:00 og 15:00 þar sem farið var yfir kosningar í nefndir og ráð en þar kom jafnframt fram að Sjálfstæðisflokkurinn, Sósíalistaflokkurinn, Miðflokkurinn og Flokkur fólksins myndu skila sameiginlegum listum föstudaginn 15. júní. Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna skiluðu skrifstofu borgarstjórnar sínum framboðslistum föstudaginn 15. júní kl. 14:26. Yfirferð á þeim hófst samdægurs og var fram haldið kl. 8:00 á laugardeginum en þá sendi undirrituð starfsmanni borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokkssins fyrirspurn um það hvenær von væri á upplýsingum. Svar barst ekki fyrr en kl. 20:41 þann dag og gögnunum lofað á sunnudegi, en þá hafði starfsfólk skrifstofunnar verið sent heim og frekari yfirferð frestað.

Listar Sjálfstæðisflokkssins, Sósíalistaflokkssins, Miðflokkssins og Flokks fólksins bárust skrifstofu borgarstjórnar ekki fyrr en mánudaginn 18. júní kl. 21:03 eða þremur heilum dögum eftir að frestur rann út. Starfsfólk skrifstofu borgarstjórnar vann við yfirferð frá 22:00 til 01:00 og hóf yfirferð og uppsetningu listanna aftur kl. 8:00 morguninn eftir. Því miður þurfti að gera athugasemdir við gögnin en í þau vantaði m.a. að tilnefna skrifara, listarnir voru ekki settir upp á réttan hátt auk þess sem þeir voru alveg óundirritaðir en í 3. tl. 44. gr. svl. kemur fram að tillaga um lista skal lögð fram skriflega og undirrituð af a.m.k. einum þeirra sveitarstjórnarmanna sem að henni standa. Starfsfólk skrifstofunnar fór því beint í uppsetningu lista til undirritunar hjá oddvitum og náðist að klára það rétt áður en fundur hófst kl. 14:00. Um morguninn hófst jafnframt uppfærsla upplýsinga um nýja borgarstjórn á vef Reykjavíkurborgar og þegar fundur hófst kl. 14:00 höfðu allar upplýsingar um nefndasetu borgarfulltrúa samkvæmt framlögðum listum verið uppfærðar á vef Reykjavíkurborgar. Á meðan borgarfulltrúinn Marta Guðjónsdóttir gerði athugasemdir við „leka á trúnaðargögnum“ á fundi borgarstjórnar, höfðu allar upplýsingar um nefndasetu hennar og annarra borgarfulltrúa verið aðgengilegar á vefnum í marga klukkutíma.

Niðurstaða:

Ekki er unnt að gera sér grein fyrir því hvað olli því að sumir borgarfulltrúar virtust halda það á fundi borgarstjórnar að trúnaður gilti um margnefnda lista, án tillits til skýrra ákvæða sveitarstjórnarlaga og samþykkta. Fundir borgarstjórnar eru opnir og öll fundargögn þeirra eru birt á vef Reykjavíkurborgar um leið og boðað er til fundar. Þar að auki er ekki að finna nein ummerki þess í erindi borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokkssins að um framlagða lista skuli gilda einhver trúnaður enda er hvorki tölvupósturinn trúnaðarmerktur né excel-skjalið sem fylgdi. Þar að auki er vandséð hvers vegna borgarfulltrúarnir töldu efnislega nauðsyn á því að halda nöfnum leyndum frá áhugasönum áhorfendum/hlustendum í nokkra klukkutíma áður en kosning fór fram þar sem ekki er á nokkurn hátt um að ræða viðkvæmar persónulegar upplýsingar sem eigi að fara leynt. Skrifstofa borgarstjórnar gengst fúslega við því að hafa upplýst fjölmarga aðila um skipan í ráð og nefndir á þriðjudeginum, einkum aðila frá fagsviðum Reykjavíkurborgar sem voru byrjuð að undirbúa boðanir funda. Engar upplýsingar voru þó sendar skriflega og ekki vannst tími til að birta listana á vefnum vegna tímahraks.

Lagt er til að forsætisnefnd samþykki að bæta við námskeiði fyrir borgarfulltrúa þar sem sérstaklega er farið yfir muninn á opnum og lokaðum fundum, muninn á fundargögnum þeirra funda, hvaða gögn eru trúnaðarmerkt og hvers vegna ákvæði eru um það í samþykktum að fundargögn borgarstjórnar skuli vera aðgengileg öllum.

2. Möguleg viðbrögð forsætisnefndar vegna ásakanana í garð starfsmanna Reykjavíkurborgar um trúnaðarbrest, leka á trúnaðargögnum og brot á starfsskyldum.

Við umræðu um tillögu borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um stofnun umhverfis- og heilbrigðisráðs í tengslum við fullyrðingar borgarfulltrúans Mörtu Guðjónsdóttir um trúnaðarbrest, tóku nokkrir borgarfulltrúar til máls og létu hafa eftir sér ásakanir í garð starfsmanna Reykjavíkurborgar, þ.m.t. undirritaðrar, starfsmanna skrifstofu borgarstjórnar og jafnvel allra ótilgreindra starfsmanna Ráðhúss Reykjavíkur. Í umræðunni komu upp ásakanir um að starfsmenn hafi brotið trúnað, lekið trúnaðargögnum og/eða brotið starfsskyldur sínar á alvarlegan hátt. Borgarfulltrúinn Hildur Björnsdóttir tók til máls á fundinum, hafði uppi ásakanir um leka á trúnaðargögnum og nafngreindi undirritaða í ræðustól, vitandi það að enginn maður utan borgarstjórnar getur tekið til máls á borgarstjórnarfundi.

Í siðareglum kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg kemur fram að kjörnir fulltrúar gegna störfum sínum af aluð og samviskusemi og gæta hagsmuna Reykjavíkurborgar. Í störfum sínum er kjörinn fulltrúi bundinn af lögum, reglum og samþykktum Reykjavíkurborgar, sem og sannfæringu sinni. Kjörnir fulltrúar hafa ávallt í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnarsýslu í störfum sínum, þ.m.t. gagnsæi í ákvarðanatöku, og framkvæma ekkert það sem er til þess fallið að vekja grunsemdir um að annað en lögmæt og málefna leg sjónarmið ráði för við stjórn Reykjavíkurborgar.

Í siðareglunum er einnig kveðið á um að kjörnir fulltrúar gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar. Þeir sýna störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna Reykjavíkurborgar tilhlýðilega virðingu.

Niðurstaða:

Undirrituð telur að bæði ákvæði svl. um réttindi og skyldur kjörinna fulltrúa og siðareglur kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg hafi verið brotnar í tilvitnaðri umræðu þegar starfsmenn

Reykjavíkurborgar voru ásakaðir um trúnaðarbrest og brot á starfsskyldum sínum án þess að það hafi síðar verið leiðrétt. Samkvæmt 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 ber sveitarstjórnnum að setja sér siðareglur sem ná til allra kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn og nefndum og ráðum sem sveitarstjórn skipar. Á grundvelli sömu laga hefur laga hefur Samband íslenskra sveitarfélaga skipað nefnd sem veitt getur álit um siðareglur og ætluð brot á þeim. **Óskað er eftir því að forsætisnefnd taki til skoðunar að grípi til viðeigandi ráðstafana, þ.m.t. að leita álits siðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

Virðingarfallst,

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:
Tölvubréf skrifstofustjóra borgarstjórnar til oddvita dags. 19. júní 2018.